

Alþingi  
Erindi nr. P 149/264  
komudagur 9.11.2011



Forseti Alþingis  
Ásta R. Jóhannesdóttir  
Alþingi  
150 Reykjavík

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvíli 150 Reykjavík  
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280  
netfang: postur@fjr.stjr.is  
www.fjarmalaraduneyti.is

Reykjavík 9. nóvember 2011  
Tilv.: FJR11100091/001-2

189. mál

Efni: Skrifleg fyrirspurn þingmanns - beiðni um frest og frekari skýringar varðandi fyrirspurn.


Ráðuneytið hefur móttakið frá Alþingi skriflega fyrirspurn á þskj. 193 frá Eygló Harðardóttur. Erindið er dagsett 26. október 2011.

Í fyrirspurninni er vísað til ummæla (eða skrifta) ótilgreindra fjármögnunarfyrirtækja án nokkurra tilvísunar. Einnig er vísað til dóma Hæstaréttar frá í fyrra án þess að málsnúmer þeirra séu tilgreind. Þessi óvissa um tilefni fyrirspurnarinnar veldur nokkrum vandkvæðum við vinnslu svarsins. Af þeim sökum fer ráðuneytið þess vinsamlega á leit við Alþingi að nánari upplýsingar varðandi framangreint verði sendar ráðuneytinu. Vísar ráðuneytið af þessu tilefni til ákvæðis 2. málsl. 1. mgr. 56. gr. þingskapsarlaga nr. 55/1991 en þar kemur fram að fyrirspurn skuli vera „skýr, um afmörkuð atriði og mál sem ráðherra ber ábyrgð á og sé við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu mál.“

Jafnframt óskar ráðuneytið eftir fresti til að veita svar við fyrirspurninni.

Fyrir hönd ráðherra

  
Marianna Jónsdóttir

  
Guðrún Þorleifsdóttir